

Til umhverfisnefndar Alþingis

Reykjavík, 24. apríl 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 714. mál.**

Samtökum atvinnulífsins og aðildarfélögum þess hefur verið boðið að gera umhverfisnefnd Alþingis grein fyrir afstöðu sinni til ofangreinds frumvarps.

Meginbreytingin sem frumvarpið boðar er aukin ábyrgð Úrvinnslusjóðs á því að ná markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs. Sjóðnum er um leið gefið meira frelsi til að finna hentugar leiðir til að ná markmiðunum. Samtök atvinnulífsins styðja frumvarpið í megindráttum en gera athugasemdir við einstakar greinar.

Frumvarpið byggir á vinnu nefndar á vegum umhverfisráðuneytisins, eins og gert er grein fyrir í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fram kom í skýrslu nefndarinnar að úrvinnslusjóðskerfið er í dag sniðið að vöruflokkum sem mega ekki fara í urðun. Gjaldinu er ætlað að greiða fyrir kostnað við meðferð flokkaðs úrgangs og endurvinnslu eða förgun. Aðrar forsendur gilda um úrvinnslugjald á umbúðum þar sem markmiðið er að ná tilteknu magni umbúða í endurvinnslu og endurnýtingu. Nefndin var sammála um að aðrar forsendur eigi að gilda um greiðslur fyrir þann úrgang en fyrir t.d. spilliefni. Nefndin leggur til að skilið sé á milli þessara tveggja flokka úrgangs, þ.e. annars vegar þess sem bannað er að urða og hins vegar þess sem endurvinna skal að hluta, skv. tilteknum markmiðum. Fyrir fyrri flokkinn er lagt til óbreytt kerfi, með nokkrum lagfæringum þó, en fyrir seinni flokkinn eru lagðar til verulegar breytingar. Ábyrgðin á að ná markmiðum um endurvinnslu umbúðaúrgangs skal færast til Úrvinnslusjóðs en um leið er lagt til að rýmkuð verði ákvæði um hvernig haga skuli greiðslum fyrir flokkaðan úrgang.

Samtök atvinnulífsins telja þessa breytingu almennt til hins betra. Verði frumvarp þetta að lögum er það skref í þá átt að sjóðnum sé gefið meira ráðrúm til að takast á við það verkefni sem honum er falið og hlutverk hans vegna umbúðaúrgangs er skýrt, þ.e. að ná markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs á landsvísu á sem hagkvæmasta hátt.

Í skýrslu nefndarinnar eru settar fram tillögur um það hvernig sjóðurinn geti náð markmiðunum. Þar er lagt til að sjóðurinn greiði þjónustuaðilum og sveitarfélögum ákveðna upphæð fyrir hvert tonn af flokkuðum úrgangi. Gjaldið skal stillt af þannig að markmiðið náist og markaðurinn sér um að ná í það efni sem hagkvæmast er að safna og endurvinna. Í tillögum nefndarinnar er til viðbótar lagt til að sjóðnum verði heimilt að greiða flutningsþóknun og sérstakt gjald fyrir flokkaðan úrgang frá

sveitarfélögum. Þetta gefur sjóðnum færi á að ná viðbótarmagni frá heimilum og dreifbýlli stöðum. Hefð er fyrir þessum greiðslum hjá Úrvinnslusjóði nú þegar.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gengið lengra en í tillögum nefndarinnar. Í 2. gr. eru flutningsgreiðslur gerðar að skyldu og skv. 8. gr. skal setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná tölulegum markmiðum. Reglugerðarheimildin er opin og ekki skýrð nánar í greinargerð nema með vísan til almennrar umfjöllunar um frumvarpið. Gera má ráð fyrir að hér sé verið að vísa til tillagna nefndarinnar um tilboð til sveitarfélaga og fleira í þeim dúr. Ekkert kemur í veg fyrir að í reglugerð verði sett ýmis önnur atriði sem upp kunna að koma síðar, jafnvel fjárhæð gjaldsins, enda er vísað í ákvæðið um reglugerð í greinargerð um 2. gr.


Niðurstaðan er sú að um leið og sjóðnum er samkvæmt lögum færð ábyrgð á að ná markmiðunum og frelsi til að ná þeim á sem bestan hátt, þá er frelsið takmarkað með setningu reglugerðar um það hvernig standa skuli að greiðslunum. Samtökin leggja því til að 2. mgr. 8. gr. falli brott.

Samtökin gera ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

  
Samtök iðnaðarins

  
Samtök atvinnulífsins

SVP - Samtök verslunar og þjónustu



LÍÚ

